



Skipulags- og samgönguráð
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík

Breytingar á gjaldsvæði bílastæða í Reykjavík.

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki eftirfarandi tillögu að breytingu á gjaldskyldu fyrir bílastæði Reykjavíkurborgar.

Um er að ræða eftirfarandi breytingar á afmörkun gjaldsvæða:

1. Gjaldskyld bílastæði:

- a. Eftirfarandi götur breytist úr gjaldsvæði 2 í gjaldsvæði 1:
 - Bergstaðastræti, milli Skólavörðustígs og Bjargarstígs.
 - Bjarnarstígur.
 - Frakkastígur, milli Njálsgötu og Grettisgötu.
 - Garðastræti, milli Túngötu og Vesturgötu.
 - Hallveigarstígur.
 - Ingólfsstræti, bílaplan norðan við Hallveigarstíg 1
 - Ingólfsstræti, milli Amtmannsstígs og Spítalastígs.
 - Kárástígur.
 - Mjóstræti
 - Njálsgata, milli Klapparstígs og Frakkastígs.
 - Skólavörðustígur, milli Týsgötu og Njarðargötu.
- b. Eftirfarandi gata breytist úr gjaldsvæði 4 í gjaldsvæði 3:
 - Félagstún
- c. Eftirfarandi götur verði gerðar gjaldskyldar og verði á gjaldsvæði 2:
 - Barónsstígur, milli Bergþórugötu og Grettisgötu.
 - Njálsgata, milli Barónsstígs og Snorrabrautar.
 - Ægisgata
- d. Að eftirfarandi svæði verði gerð gjaldskyld og verði á gjaldsvæði 3:
 - Bergþórugata, milli Barónsstígs og Snorrabrautar.
 - Frakkastígur, bílaplan á lóð nr. 1.

Annað er óbreytt frá gildandi afmörkun gjaldsvæða.

Í samræmi við 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.



Greinargerð

Tillagan er sett fram á grundvelli reglna um notkun stöðureita og gjaldtöku í Reykjavík, verklagsreglna um innleiðingu nýrra gjaldsvæða, talninga sem fóru fram í október 2021 og upplýsinga um nýtingu bílastæðahúsa.

Niðurstöður talninga, nú líkt og árið 2019, sýna mikla og stöðuga nýtingu bílastæða flestum á gjaldsvæðum. Tillagan felur því í sér stækkun gjaldsvæðis eitt auk minniháttar tilfærslu á milli flokka og stækkun gjaldsvæðis á þremur stöðum. Á einum stað, við Höfða, er þó verið að leggja til lækkun á gjaldi með því að færa svæði niður um gjaldflokk en þar er nýting bílastæða að jafnaði undir mörkum. Einnig er um borgarland er að ræða og því ekki rétt að nota gjaldsvæði fjögur.

Verði tillagan samþykkt verður meðfylgjandi tillaga að auglýsingu gjaldsvæða birt í Stjórnartíðindum. Til hagræðingar tiltekur auglýsingin til gjaldskyldu á götum og svæðum á borgarlandi og lóðum í eigu borgarinnar, það er gjaldsvæðum eitt til þrjú. Auglýsingin tekur ekki til gjaldsvæðis fjögur þar sem það er notað þar sem innan lóða annarra en borgarinnar, sem Bílastæðasjóður hefur, með samningi við viðkomandi aðila, umsjón með.

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Minnisblað Eflu. Endurskoðun á tillögu um stýringu bílastæða. Um talningu og nýtingu bílastæða í október 2021.
2. Tillaga að auglýsingu um GJALDSKYLDU á bílastæðum Reykjavíkurborgar.

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

2200-880-MIN-005-V05

DAGS.

23.11.2021

SENDANDI

Daði Baldur Ottósson

MÁLEFNI

Endurskoðun á tillögu um stýringu bílastæða

VERKHEITI

Stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum

VERKKAUPI

Reykjavíkurborg

DREIFING

Rakel Elíasdóttir, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Samantekt og bakgrunnur

Árið 2019 voru lagðar fram tillögur um breytingar á stýringu bílastæða á borgarlandi sem samþykktar voru í skipulags- og samgönguráði Reykjavíkurborgar 11. september 2019. Tillögurnar voru unnar á grundvelli samþykktra verklagsreglna um innleiðingu nýrra gjaldsvæða og um verðbreytingar gjaldsvæða¹. Auk smávægilegra breytinga á afmörkun svæða sneru helstu breytingar að nýrri gjaldskrá, lengingu gjaldskyldutíma á kvöldin og innleiðingu gjaldskyldu á sunnudögum². Þar sem í byrjun árs 2020 fór af stað heimsfaraldur, sem hafði mikil áhrif á umferð og nýtingu bílastæða, þá var framkvæmd breytinganna frestað um óákveðin tíma og að lokum afturkölluð á fundi skipulags- og samgönguráðs 7. júlí í ár. Þá var á sama tíma boðað að talning færi fram að nýju seinni hluta árs 2021 og yrðu nýjar tillögur gerðar á grundvelli þeirrar talningar. Núverandi afmörkun gjaldsvæða, gjaldskrá og gjaldskyldutími er því enn óbreytt.

Í haust var nýting bílastæða á borgarlandi talin að nýju. Byggt á niðurstöðum talningarinnar og útreikningum um nýtingu bílastæða, þá hafa verið gerðar tillögur um eftirfarandi breytingar:

- Breyting gjaldskrár
- Afmörkun gjaldsvæða
- Innleiðing hámarkstíma
- Lenging gjaldskyldutíma
- Gjaldskylda á sunnudögum

Tillögurnar eru nánast samhljóða tillögum frá 2019. Í þessu minnisblaði er fyrst fjallað um framkvæmd talningar á nýtingu bílastæðanna og síðan fylgir umfjöllun um sérhverja tillögu út frá niðurstöðum talningarinnar.

1

Sjá nánar:

https://reykjavik.is/sites/default/files/skiol_thjonustulysingar/verklagsreglur_um_innleidingu_nyrra_gjaldsvaeda.pdf
og https://reykjavik.is/sites/default/files/skiol_thjonustulysingar/verklagsreglur_um_verdbreytingar_gjaldsvaeda.pdf

² Sjá nánari umfjöllun í skýrslu starfshóps um stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum – Tillögur um stýringu bílastæða.
https://reykjavik.is/sites/default/files/skiol_thjonustulysingar/skyrsla_styrihops_um_stefnumorkun_i_bila-og_hjolstaedamalum.pdf

Aðferðafæði við gagnasöfnun á nýtingu bílastæða haustið 2021

Gögnum um bílastæðanýtingu var safnað í október 2021 á flestum gjaldskyldum bílastæðum í miðborginni. Ákveðið var að telja á sömu tímum og var gert árið 2019, nánar tiltekið:

- Til að meta nýtingu bílastæða meðan gjaldskyldutími er í gildi (sem lýkur kl. 18:00 á virkum dögum), var talið á þeim tímum sem eftirspurnin er að jafnaði sem mest þ.e. á sérhverjum klukkutíma frá 11:00 til 13:00. Talið var tvisvar sinnum á virkum dögum.
- Til að meta nýtingu bílastæða eftir að gjaldskyldutíma lýkur þá var jafn oft talið sama svæði að kvöldi til þ.e. frá 18:00 til 20:00. Á sama tíma var aflað upplýsinga um bílastæðanýtingu í bílahúsum borgarinnar.
- Til að meta ávinninginn af innleiðingu gjaldskyldu á sunnudögum var ákveðið að bera saman nýtingu bílastæða á sunnudögum við laugardaga og jafnframt athuga hvort munur væri á því hversu lengi bílum er lagt í bílastæði. Gögnum um bílastæðanýtingu var safnað laugardag og sunnudag við valdar verslunargötur (Laugaveg og Hverfisgötu) frá kl. 11:00-14:00 en það er sá tími sem bílastæðanýting er að jafnaði í hámarki að degi til um helgar. Á sama tíma var aflað upplýsinga um bílastæðanýtingu í bílahúsum borgarinnar. Talið var sérhvern klukkutíma frá 11:00-14:00, einn laugardag og einn sunnudag.

Tillaga að gjaldskrárbreytingu

Núverandi gjaldskrá gjaldsvæða bílastæða á borgarlandi samanstendur af tveimur verðflokkum þ.e. 370 kr/klst, og 190 kr/klst, með þeirri undantekningu að á gjaldsvæði P3 lækkar verðið í 55 kr/klst eftir fyrstu tvær klukkustundirnar. Gjaldskrána má sjá í töflu 1 hér að neðan.

TAFLA 1 Núverandi gjaldskrá gjaldsvæða bílastæða.

GJALDSVÆÐI	VERÐFLOKKAR (KR/KLST)	GJALDSKYLDUTÍMI
P1	370	9:00-18:00 virka daga
P2	190	10:00-16:00 laugardaga
P3	190*	
P4	190	8:00-16:00 virka daga

* 55 kr/klst eftir fyrstu tvær klukkustundir.

Tillögur starfshóps³ um breytingu á gjaldskrá fólust í megindráttum í því að fjölga verðflokkum, einfalda samanburð milli verðflokka, fella niður breytileg verð innan sama gjaldsvæðis (sbr. P3) og geta innleitt sveigjanlegri gjaldskyldutíma.⁴ Breytingin á gjaldskránni byggði á fyrirmyndum og rannsóknnum erlendis en var einnig til þess gerð að geta fallið betur að nýjum verklagsreglum um breytingu á verði gjaldsvæða bílastæða.

Niðurstöður talninga sem framkvæmdar voru í haust vörpuðu ljósi á að það er enn tilefni til að breyta gjaldskrá í samræmi við tillögur starfshópsins til þess að geta stýrt betur eftirspurn eftir bílastæðum. Við þessar breytingar hækkar verðið á P1, P2 og P4 lítillega en verð á P3 er einfaldað og verður það sama innan gjaldskyldutímans (þ.e.

³ Starfshópurinn starfaði 2019 og mótaði m.a. verklagsreglurnar og bíla- og hjólastæðastefnu borgarinnar

⁴ Sjá nánari umfjöllun í skýrslu starfshóps um stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum – Tillögur um stýringu bílastæða. https://reykjavik.is/sites/default/files/skiol_thjonustulysingar/skyrsla_styrihops_um_stefnumorkun_i_bila-og_hjolstaedamalum.pdf


verð lækkar fyrstu tvær klst. en hækkar hverja klst. eftir það). Endurskoðaða tillögu að gjaldskrá má sjá í töflu 2 hér að neðan.

TAFLA 2 Tillaga að nýrri gjaldskrá gjaldsvæða bílastæða.

GJALDSVÆÐI	VERÐFLOKKAR (KR/KLST)	GJALDSKYLDUTÍMI
P1	400	9:00-18:00 virka daga
P2	200	10:00-16:00 laugardaga
P3	100	
P4	200	8:00-16:00 virka daga

Tillaga að verðbreytingum

Í verklagsreglum um verðbreytingar gjaldsvæða⁵ og innleiðingu nýrra gjaldsvæða⁶ bílastæða eru sett viðmið um að ákjósanleg bílastæðanýting í sérhverri götu á borgarlandi og lóðum í eigu borgarinnar verði að jafnaði á bilinu 60-85% á þeim tímum sem gjaldskylda er. Byggt á verklagsreglunum, ásamt gögnum um bílastæðanýtingu (sjá viðauka) sem var aflað, eru lagðar til verðbreytingar sem sjá má á mynd 1.



MYND 1 Tillaga að verðbreytingum og innleiðingu nýrra gjaldsvæða bílastæða.


⁵ https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/verklagsreglur_um_verdbreytingar_gjaldsvaeda.pdf

⁶ https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/verklagsreglur_um_innleiðingu_nyrra_gjaldsvaeda.pdf

EFLA VERKFRÆÐISTOFA
☎ +354 412 6000 ✉ efla@efla.is 🌐 www.efla.is

Tillaga að lengingu gjaldskyldutíma

Ein megin niðurstaða gagnasöfnunarinnar haustið 2021 (eins og árið 2019) er að bílastæði við götukanta eru að jafnaði fullnýtt á kvöldin meðan nægt framboð er af bílastæðum í öllum bílahúsum borgarinnar. Sem dæmi mældist nýting bílastæða nærri 100% á Laugavegi og Skólavörðustíg kl. 19:00 og 20:00 en mældist undir 40% í öllum bílahúsum í grennd á sama tíma. Bílastæðanýting við götukanta innan umferðarreita á talningartímabilinu og í bílahúsum borgarinnar kl. 20.00 (miðvikudag⁷) er sýnd á mynd 3.




MYND 3 Fjöldi taldra bílastæða á borgarlandi haustið 2021 (merkt „Fjöldi“) og samsvarandi bílastæðanýting (merkt „Nýting“) innan umferðarreita kl. 20:00. Staðsetning bílahúsa er merkt með svörtum punkti, og er fjöldi stæða í bílahúsum ásamt nýtingu þeirra á miðvikudegi er merkt í gulum kassa.

Byggt á þessum niðurstöðum er lagt til, líkt og árið 2019, að lengja gjaldskyldutíma til kl. 20:00:

- á svæðum þar sem má finna mestan þéttleika af veitingastöðum, kaffihúsum og annarri starfsemi sem er opin á kvöldin. Sem dæmi mældist eftirspurn eftir kl. 18:00 yfir 85% á Laugavegi, Skólavörðustíg og í Kvosinni.
- á götum nálægt bílahúsum þar sem þessi svæði mældust með bílastæðanýtingu yfir 85%. Með því aukast líkurnar á að öllum kjósi að leggja í bílahúsum borgarinnar og því líklegra að íbúar fái stæði.

⁷ Myndin sýnir dæmi um nýtingu bílahúsa á miðvikudegi (3. nóv) kl. 20:00. Rétt er að taka fram bílastæðanýtingin er að jafnaði lægri á kvöldin frá sunnudegi til þriðjudags, en hærri frá fimmtudegi til laugardags.

Við afmörkun svæða/gatna með lengri gjaldskyldu, þá er lagt til að reynt sé að láta fylgja mörkum P1 gjaldsvæðisins. Þannig er þess gætt að einfaldara verði fyrir almenning að gera sér grein fyrir hvar mörk lengri gjaldskyldutíma liggja. Lagt er til að nánari útfærsla á mörkum lengri gjaldskyldutíma séu útfærð af starfsmönnum Bílastæðasjóðs með hliðsjón af staðsetningu núverandi skilta og gatna, hönnun nýrra skilta og fleiri atriða sem snerta upplýsingagjöf til almennings.




MYND 4 Tillaga að lengingu gjaldskyldutíma frá kl. 18.00 til 20.00 á virkum dögum, og frá kl. 16.00 til 20.00 á laugardögum. Nánari útfærsla á mörkum lengri gjaldskyldutíma skal vera útfærð af starfsmönnum Bílastæðasjóðs.

Tillaga að gjaldskyldu á sunnudögum


Meginniðurstöður gagnasöfnunar haustið 2021 staðfesta helstu niðurstöður og ályktanir frá árinu 2019, en þær eru eftirfarandi:

- Bílastæðanýting er hærri á sunnudögum en á laugardögum á öllum þeim svæðum sem til skoðunar voru, sjá dæmi um niðurstöður þriggja svæða á mynd 5.
- Meðalnýting bílastæða var 85%-93% á sunnudögum frá kl. 11-14 meðan meðalnýting mældist frá 73-80% á laugardögum. Tæplega 700 bílastæði voru talin.
- Ökutækjum var lagt í stæði í lengri tíma á sunnudögum samanborið við laugardaga, sjá mynd 6.
- Meðalnýting bílahúsa borgarinnar er hærri á laugardögum samanborið við sunnudaga.

Að teknu tilliti til ofangreindra niðurstaða, þá fellst enn mikill ávinningur í því að innleiða gjaldskyldu á sunnudögum, eins og lagt var fram árið 2019. Bæði getur gjaldskylda á sunnudögum stuðlað að fleiri lausum bílastæðum við götukanta og að betri nýtingu bílahúsa, ásamt því að auðvelda íbúum að finna bílastæði. Lagt er til að nánari útfærsla á mörkun gjaldskyldu á sunnudögum sé útfærð af starfsmönnum Bílastæðasjóðs með hliðsjón af staðsetningu núverandi skilta og gatna, hönnun nýrra skilta og fleiri atriða sem snerta upplýsingagjöf til almennings.



MYND 5 Samanburður á bílastæðanýtingu á laugardögum og sunnudögum innan valdra svæða haustið 2021.




MYND 6 Lengd dvalar (e. parking turnover) á afmörkuðu svæði eftir Laugavegi og Hverfisgötu haustið 2021.

Önnur atriði

Að lokum má nefna að í verklagsreglum um verðbreytingar gjaldsvæða bílastæða er heimild til þess að innleiða hámarkstímasvæði sem getur náð fram sama ávinningi og verðhækkanir. Að auki, með því að setja fram tímatakmarkanir á bílastæðum, þá er verið að tryggja að bílum sé síður lagt allan daginn fyrir framan verslun og þjónustu. Lagt er til að starfsmenn bílastæðasjóðs hanni skiltamerkingar og gjaldmæla þannig að hægt sé að standa að innleiðingu hámarkstímasvæði þar sem þörf er á.

Viðauki – Niðurstöður gagnasöfnunar haustið 2021 á virkum dögum milli 11 og 13.



MYND 7 Niðurstöður gagnasöfnunar haustið 2021 á mælingum sem framkvæmdar voru á hverri klukkustund milli 11 og 13. Talið var tvo daga. Ef mælingar báða dagana sýndu bílastæðanýtingu yfir 85% er gatan lituð rauð en undir 60% var lituð blá. Ef mæling annan daginn sýndi bílastæðanýtingu yfir 85% er gatan lituð ljósrauð en undir 60% ljósblá.



GJALDSKYLDA á bílastæðum Reykjavíkurborgar

1. gr.

Gildissvið.

Auglýsing þessi nær eingöngu til gjaldskyldu á götum og svæðum á borgarlandi og lóðum í eigu borgarinnar.

2. gr.

Gjaldskyldutími á gjaldskyldum bílastæðum.

Gjaldskyldutími á gjaldskyldum bílastæðum er eftirfarandi:

- a. Gjaldsvæði 1, frá 9.00 til 18.00 virka daga og frá 10.00 til 16.00 laugardaga.
- b. Gjaldsvæði 2, frá 9.00 til 18.00 virka daga.
- c. Gjaldsvæði 3, frá 9.00 til 18.00 virka daga.
- d. Gjaldsvæði 4, frá 8.00 til 16.00 virka daga.

Ekki er gjaldskylda á eftirfarandi dögum: nýársdagur, skírdagur, föstudagurinn langi, annar í páskum, sumardagurinn fyrsti, 1.maí, uppstigningadagur, annar í hvítasunnu, 17.júní, frídagur verslunarmanna, jóladagur, annar í jólum

3. gr.

Gjaldskyld bílastæði.

Gjaldskylda er á bílastæðum á eftirfarandi stöðum:

- a. Gjaldsvæði 1
 - Aðalstræti
 - Amtmannsstígur,
 - Austurstræti
 - Bankastræti, milli Lækjargötu og Ingólfsstrætis
 - Barónsstígur, milli Hverfisgötu og Grettisgötu
 - Bergstaðastræti, milli Laugavegar og Spítalastígs
 - Bjarnastígur
 - Brattagata
 - Brautarholt, sunna götu, við hús nr. 22
 - Fischersund
 - Frakkastígur, milli Skólavörðustígs og Hverfisgötu
 - Garðastræti, milli Vesturgötu og Túngötu
 - Grettisgata, milli Vegamótastígs og Snorrabrautar
 - Grettisgata, norðan götu, milli Rauðarárstígs og lóðar nr. 94
 - Grjótagata
 - Grófin
 - Hafnarstræti
 - Hallveigarstígur
 - Hverfisgata, milli Lækjargötu og Rauðarárstígs
 - Ingólfsstræti, bílplan norðan við Hallveigarstíg 1
 - Ingólfsstræti, milli Hverfisgötu og Spítalastígs
 - Kárástígur
 - Kirkjutorg
 - Klapparstígur, milli Hverfisgötu og Skólavörðustígs



- Laugavegur, milli Frakkastígs og Rauðarárstígs
 - Lækjargata
 - Mjóstræti
 - Mjóstræti, bílaplan á lóð nr. 8.
 - Naustin
 - Njálsgata, milli Klapparstígs og Frakkastígs
 - Nóatún, austan götu, milli Skipholts og Brautarholts
 - Pósthússtræti
 - Skipholts, norðan götu, við hús nr. 21
 - Skólastræti
 - Skólavörðustígur, milli Bergstaðastrætis og Njarðargötu
 - Smiðjustígur, milli Laugavegar og Hverfisgötu
 - Snorrabraut, vestan götu, milli Laugavegar og Grettisgötu
 - Sæbraut, bílaplan við Sólfar
 - Templarasund
 - Tjarnargata, milli Vonarstrætis og Kirkjustrætis
 - Tryggvagata
 - Tryggvagata, bílaplan norðan lóða nr. 13-17
 - Túngata, bílaplan við Suðurgötu
 - Túngata, milli Garðastrætis og Suðurgötu
 - Veltusund
 - Vitastígur, milli Hverfisgötu og Grettisgötu
 - Vonarstræti
 - Þingholtsstræti, milli Bankastrætis og Amtmannsstígs
- b. Gjaldsvæði 2
- Bakkastígur
 - Barónsstígur, milli Laufásvegar og Eiríksgötu
 - Barónsstígur, milli Skúlagötu og Hverfisgötu
 - Bárugata, milli Ægisgötu og Garðastrætis
 - Bergstaðastræti, milli Spítalastígs og Bjargarstígs
 - Borgartún, milli Snorrabrautar og Katrínartúns
 - Bókhöðustígur
 - Brávallagata
 - Brietartún
 - Brunnstígur
 - Eiríksgrata, milli Barónsstígar og Þorfinnsgötu
 - Frakkastígur, milli Lindargötu og Hverfisgötu
 - Fríkirkjuvegur
 - Garðastræti, milli Túngötu og Hólatorgs
 - Grundarstígur, milli Spítalastígs og Skálholtsstígs
 - Hávallagata, milli Garðastrætis og Blómvallagötu
 - Hólatorg
 - Hólavallagata
 - Hverfisgata, móts við hús nr. 117-125
 - Ingólfsstræti, milli Skúlagötu og Hverfisgötu
 - Kirkjugarðsstígur
 - Klapparstígur, milli Lindargötu og Hverfisgötu
 - Laufásvegur, milli Bókhöðustígs og Skálholtsstígs
 - Laugavegur, bílaplan á lóð nr. 124
 - Lindargata
 - Ljósavallagata
 - Lokastígur, milli Týsgötu og Baldursgötu



- Miðstræti
 - Njálsgata, milli Frakkastígs og Snorrabrautar
 - Nóatún, vestan götu, milli Brautarholts og Skipholts.
 - Nýlendugata
 - Óðinsgata, milli Skólavörðustígs, og Freyjugötu
 - Rauðarárstígur, milli Bríetartúns og Njálsgötu
 - Ránargata, milli Ægisgötu og Garðastrætis
 - Skipholt, norðan götu, milli Nóatúns og Traðarholts
 - Skothúsvegur, milli Fríkirkjuvegar og Laufásvegar
 - Smiðjustígur, milli Lindargötu og Hverfisgötu
 - Spítalastígur
 - Stórholt
 - Suðurgata, milli Túngötu og Kirkjugarðsstígs
 - Tjarnargata, milli Tjarnargötu 30 og Vonarstrætis
 - Túngata
 - Túngata, bílaplan við Landakotskirkju
 - Týsgata
 - Vatnsstígur
 - Vatnsstígur, milli Lindargötu og Hverfisgötu
 - Veghúsastígur
 - Vesturgata, milli Ægisgötu og Garðastrætis
 - Vitastígur, milli Grettisgötu og Bergþórugötu
 - Þingholtsstræti, milli Amtmannsstígs og Skálholtsstígs
 - Þórsngata, milli Týsgötu og Baldursgötu
 - Þórunnartún
 - Þverholt, milli Laugavegar og Stórhólts
 - Þverholt, milli Stórhólts og hús nr. 15
 - Ægisgata
 - Öldugata, milli Ægisgötu og Garðastrætis
- c. Gjaldsvæði 3
- Bergþórugata
 - Berstaðastræti, milli Bjargarstígs og Baldursgötu
 - Bjargarstígur
 - Félagstún
 - Frakkastígur, bílaplan á lóð nr. 1
 - Freyjugata, milli Baldursgötu og Óðinsgötu
 - Grundarstígur, milli Skálholtsstígs og Hellusunds
 - Guðrúnartún
 - Guðrúnartún, bílaplan á lóð nr. 3
 - Hellusund
 - Klapparstígur, milli Skúlagötu og Lindargötu
 - Laufásvegur, milli Skáholtsstígs og Hellusunds
 - Óðinsgata, milli Freyjugötu og Baldursgötu
 - Skálholtsstígur
 - Skuggasund
 - Skúlagata
 - Skúlagata, bílaplan á lóð nr. 6
 - Skúlagata, bílaplan móts Klapparstíg
 - Skúlagata, bílaplan vestan við lóð nr. 3
 - Sölvhólsngata
 - Vatnsstígur, milli Lindargötu og Skúlagötu
 - Þingholtsstræti, milli Skálholtsstígs og Hellusunds



4. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Gjaldskylda á götum þessum og svæðum er sett er með heimild í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, var samþykkt á fundi skipulags- og samgönguráðs xx. desember 2021 og tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Á sama tíma falla úr gildi fyrri auglýsingar um gjaldskyldutíma og afmörkun gjaldsvæði eitt til þrjú í Reykjavík.

Hjálagt:

Kort sem sýnir gjaldsvæði

